

Fundargerð

18. stjórnarfundur FHA haldinn 9. nóvember, 2010 kl. 14:00

Boðaðir voru stjórnarmenn, varastjórn og framkvæmdastóri. Fundinn sátu: Helgi Gestsson (HG), Erlendur Steinar Friðriksson, (ESF), Kristín Guðmundsdóttir (KG), Kristín Þórarinsdóttir (KP), Páll Björnsson (PB), Rúnar Gunnarsson (RG), Þóra Rósa Geirsdóttir (PRG) og Hjördís Sigursteinsdóttir (HS). Hjördís Sigursteinsdóttir ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Námssjóður FHA

Farið var almennilega yfir texta vegna námssjóðs FHA. Það sem rætt var um:

- hvernig námskeið eigi að styrkja
- Rétt þeirra sem eru í skertu starfshlutfalli
- Hve gömul má umsókn vera
- Styrktarárið (almanaksárið, skólaárið)

Ákveðið var að styrkja einnig námskeið sem eru tengd atvinnu og skráningargjöld í skóla eins og gert hefur verið. Ekki verða styrkt þátttökugjöld á ráðstefnum, ferðakostnaður eða uppihald í slíkum ferðum. Samþykkt var að sjóðsfélagi sem er í minna en hálfu starfi fær aðeins hálfan styrk frá FHA. Hægt verður að sækja um vegna reikninga sem eru allt að árs gamlir. Úthlutunarár verður almanaksárið. Gert er ráð fyrir að þessar breytingar taki gildi um áramótin. HS falið að koma endanlegu skjali í rétt form og leggja fyrir stjórnarfund til endanlegrar afgreiðslu.

2. Bréf frá Þóri Sigurðssyni.

Stjórn félagsins hafnaði erindi hans um endurgreiðslu á félagsgjöldum.

3. Önnur mál

Fyrirliggjandi umsóknir í námssjóð samþykktar.

Réttindi fyrri félagsmanna rædd

Fleira ekki gert og fundi slitið ca 15:30